

GÁTLISTI

Upplýsingagjöf vegna umsókna um staðfestingu á verðbréfasjóðum/fjárfestingarsjóðum, sbr. 5. og 57. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði

Nr.		Svör við spurningum	Hvar í reglum/ útboðslýsingu?
1	Umsókn skal vera skrifleg og henni skulu fylgja reglur, útboðslýsing og lykilupplýsingar sjóðsins. Jafnframt skal umsókn fylgja undirritaðar yfirlýsingar vegna reglna, útboðslýsinga og lykilupplýsinga		
2.	Reglur sjóðsins		
2.1	Hvert er heiti sjóðsins?		
2.2	Starfar sjóðurinn óskiptur eða í aðgreindum deildum?		
2.3	Er ákvæði um fjárfestingarstefnu sjóðsins?		
2.4	Hvert er vörslufyrirtæki sjóðsins?		
2.5	Er ákvæði um hvernig skipt verði um vörslufyrirtæki?		
2.6	Hvaða þóknunir (gjald við kaup og sölu, umsýslugjöld og árangurstengd þóknun) áskilur rekstrarfélagið sér?		
2.7	Ætlar sjóðurinn sér markaðssetningu utan Íslands?		
2.8	Er ákvæði um útgáfu hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra?		
2.9	Hvernig skal arði eða öðrum hagnaði af verðbréfum sjóðsins ráðstafað?		
2.10	Er ákvæði um hvernig reikna skuli út innlausnarvirði hvers hlutar?		
2.11	Er ákvæði um hvernig staðið skuli að samruna sjóðsins við aðra sjóði eða samruna deilda sama sjóðsins?		
2.12	Er ákvæði um hvernig sjóði eða deild er slitið?		

3.0	Um verðbréfasjóð/fjárfestingarsjóð í útboðslýsingu		
3.1	Kemur heiti sjóðsins fram?		
3.2	Kemur stofndagur sjóðsins fram?		
3.3	Kemur fram hvort sjóður sé deildaskiptur?		
3.4	Kemur fram hvar fá megi reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins?		
3.5	Kemur fram stutt lýsing á skattareglum og skattalegri meðferð sem gilda um hlutdeildarskírteini eða hluti í sjóðnum?		
3.6	Koma fram upplýsingar um kostnað og annan frádrátt frá tekjum eða hagnaði af fjármálagerningum í eigu sjóðsins sem eigendur sjóðsins fá í sinn hlut?		
3.7	Hvenær munu ársreikningur og árshlutauppgjör verða birt?		
3.8	Kemur fram hvenær arður eða annar hagnaður af starfsemi sjóðsins verður greiddur út til eigenda?		
3.9	Koma fram upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteina eða hluta, meðal annars:		
3.9.1	eðli þeirra réttinda sem hlutdeildarskírteini veita?		
3.9.2	skilríki sem veita sönnun fyrir eignarrétti að hlutdeildarskírteinum eða hlutum og / eða færslum á skrá eða reikning?		
3.9.3	einkenni hlutdeildarskírteina eða hluta?		
3.9.4	Atkvæðisrétt eigenda hlutdeildarskírteina eða hluta ef við á?		
3.9.5	við hverjar aðstæður megi ákveða að loka sjóðnum og hvernig að því skuli staðið, einkum með tilliti til réttar eigenda hans?		
3.10	Munu hlutdeildarskírteinin verða skráð eða ganga kaupum og sölum á skipulegum verðbréfamarkaði?		
3.11	Kemur fram tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteina eða hluta?		
3.12	Kemur fram tilhögun og skilyrði fyrir endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina eða hluta og við hverjar aðstæður megi fresta endurkaupum eða innlausn?		
3.13	Koma fram reglur um útreikning og ráðstöfun tekna?		
3.14	Kemur fram fjárfestingarmarkmið sjóðs, þar á meðal um fjárhagslegan tilgang (þ.e. uppsöfnunar eða tekjusjóð), fjárfestingarstefnu (t.d. sérhæfing eftir landssvæðum eða atvinnugreinum), takmarkanir á þeirri fjárfestingarstefnu og tilgreining aðferða, samninga eða lántökuheimilda sem heimilt er að nota við rekstur sjóðsins?		
3.15	Koma fram reglur um mat eigna?		
3.16	Kemur fram hvernig sölu- eða útgáfuverð og endurkaups- eða innlausnarverð hlutdeildarskírteina eða hluta eru ákvörðuð, meðal annars:		

3.16.1	Hvernig og hve oft verð eru reiknuð?		
3.16.2	Upplýsingar um gjöld af sölu, útgáfu, endurkaup eða innlausn skírteina eða hluta?		
3.16.3	Hvernig, hvar og hve oft verð eru birt?		
3.17	Koma fram upplýsingar um þóknun sem sjóðurinn greiðir rekstrarfélagi, vörslufyrirtæki eða þriðja aðila, ef við á, hvers eðlis hún er, upphæð hennar og endurgreiðslu sjóðsins á kostnaði til þeirra?		
4.	Um rekstrarfélag í útboðslýsingu		
4.1	Kemur fram heiti, rekstrarform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa?		
4.2	Kemur fram stofndagur rekstrarfélags?		
4.3	Kemur fram hvaða aðra sjóði rekstrarfélagið annast rekstur á?		
4.4	Koma fram nöfn og staða stjórnar, varastjórnar og framkvæmdastjóra rekstrarfélagsins?		
4.5	Koma fram upplýsingar um helstu störf stjórnar, varastjórnar og framkvæmdastjóra utan rekstrarfélagsins, ef þau skipta máli hvað rekstrarfélagið snertir? ¹		
4.6	Hver eru nöfn og heimilisföng löggiltra endurskoðenda rekstrarfélagsins?		
4.7	Hversu mikið hlutafé er í félaginu og hve mikið hefur verið greitt?		
5.	Um vörslufyrirtæki í útboðslýsingu		
5.1	Hvert er vörslufyrirtæki sjóðsins?		
5.2	Kemur fram félagiform vörslufyrirtækis?		
5.3	Kemur fram skráð skrifstofa vörslufyrirtækis?		
5.4	Kemur fram hver meginstarfsemi vörslufyrirtækis er?		
6.	Aðrar upplýsingar í útboðslýsingu		
6.1	Kemur fram sú starfsemi sem rekstrarfélaginu hefur verið heimilað að útvista?		
6.2	Koma fram upplýsingar um aðila utan rekstrarfélags sem veita ráðgjöf samkvæmt samningi sem greitt er fyrir af eignum sjóðsins:		
6.2.1	heiti fyrirtækisins eða nafn ráðgjafans?		
6.2.2	þau ákvæði samningsins sem máli skipta og kunna að varða eigendur sjóðsins, að öðru leyti en hvað varðar þóknun?		

¹ Fjármálaeftirlitið lítur svo á að störf innan samstæðu móðurfélags teljist skipta máli.

6.2.3	önnur starfsemi rekstrarfélagsins sem máli skiptir?		
6.3	Er vakin sérstök athygli á þeim fjárfestingum og nefnd þau ríki, sveitarstjórnir og/eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréfa sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í fyrir meira en 35% eigna sinna?		
6.4	Hvar munu upplýsingar um fyrri árangur sjóðsins koma fram?		
6.5	Hver er lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem sjóðurinn er ætlaður fyrir?		
6.6	Kemur fram hugsanlegur kostnaður sjóðsins, annar en vegna þóknana skv. lið 3.17 í gátlista þessum? Greint skal á milli þess kostnaðar sem eigendur hlutdeildarskírteina greiða og þess kostnaðar sem greiddur er af eignum sjóðsins.		
6.7	Eru reglur sjóðsins hluti útboðslýsingar?		
6.8	Kemur fram ítarleg lýsing á fjárfestingarstefnu sjóðsins?		
6.9	Eru tilgreindar þær tegundir fjárfestinga sem sjóðnum eru heimilar skv. reglum sjóðsins?		
6.10	Er sjóðnum heimilt að fjárfesta í afleiðum?		
6.10.1	Sé fjárfest í afleiðum, takmarkast fjárfestingin við að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað eða er hún liður í fjárfestingarstefnu?		
6.10.2	Sé fjárfest í afleiðum, hvar kemur fram ítarleg lýsing á hugsanlegum áhrifum afleiðna á áhættu hlutdeildarskírteinishafa?		
6.11	Er líklegt að bókfært virði eigna sjóðsins eða einstakrar deildar hans sveiflist mikið vegna samsetningar verðbréfasamvals hans eða aðferða sem beitt er við stjórnun verðbréfasamvals? Ef já, hvar er vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu?		
6.11.1	Ef líklegt er að bókfært virði eigna sjóðsins eða einstakrar deildar hans sveiflist mikið vegna samsetningar verðbréfasamvals hans eða aðferða sem beitt er við stjórnun verðbréfasamvals, hvar er vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í útboðslýsingu?		
6.12	Fjárfestir sjóður verulegan hluta eigna sinna í verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu?		
6.13	Fjárfesti sjóður verulegan hluta eigna sinna í verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, hver er hámarksstjórnunarkostnaður sem sjóðurinn sjálfur og hinir sjóðirnir skulu bera?		